



## Starfsáætlun fyrir skólaárið 2017 – 2018.

Áætlað er að starfsmannafjöldi í Grunnskólanum á Laugalandi verði svipaður og á síðasta skólaári þ.e. 11 kennarar auk tveggja stjórnenda. Auk þess starfa við skólann í misstórum starfshlutföllum 3 skólaliðar, 3 starfsmenn í mótuneyti og húsvörður, alls 7 einstaklingar. 5 skólabílar aka nemendum úr dreifbýlinu að og frá skóla.

Kennarar Laugalandsskóla mæta að öllu jafnan til starfa að afloknu sumarfríi og endurmenntunardögum þann 17. ágúst. Dagana fram að skólasetningu sem fram fer 24. ágúst nýta starfsmennirnir til þess að undirbúa skólann fyrir komu nemenda. Kennarar skipuleggja kennslustofur og leggja á ráðin varðandi námsefni og kennslugögn. Stuðningsfulltrúar og skólaliðar aðstoða við þessi störf og vinna með stjórnendum og húsverði við að koma skólanum í kennsluhæft ástand. Haldnir eru samráðsfundir og farið á endurmenntunarnámskeið þegar það á við.

Fastir kennarafundir eru haldnir einu sinni í mánuði allt skólaárið (u.þ.b. 9 fundir). Auk þess eru haldnir skipulagðir samráðsfundir og ótal aðrir skipulagsfundir af ýmsu tagi.

Ákveðið hefur verið að 21. ágúst verði samráðsdagur skólafnana innan Odda byggðasamlags. Á slíkum degi hittast allir starfsmenn umræddra stofnana og taka þátt í dagskrá er lýtur að því starfi sem fram fer innan skólakerfisins þar sem áhersla er lögð á menntun, mannúð og mannauð.

Í Grunnskólanum á Laugalandi er skólaárinu skipt upp í tvær annir, haustönn og vorönn og endar hvor önn á námsmatsviku.

### Haustönn:

Skólasetning fer fram í skólanum fimmtudaginn 24. ágúst kl 11:00 og telst sá dagur vera fyrsti nemendadagur vetrarins. Kennsla hefst síðan samkvæmt stundaskrá föstudaginn 25. ágúst.

Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk fara fram á haustönninni sem hér segir:

Fimmtudaginn 21. sept. íslenska í 7. bekk og föstudaginn 22. sept. stærðfræði í 7. bekk.

Fimmtudaginn 28. sept. íslenska í 4. bekk og föstudaginn 29. sept. stærðfræði í 4. bekk.

Dagana 4.-6. október er gert ráð fyrir samstarfsdögum á milli Hellu- og Laugalandsskóla. Einstaka nemendahópar fara þá í gagnkvæmar skólaheimsóknir. Nánari útfærsla á þessum samstarfsdögum mun fara fram í ágústmánuði.



Þann 20. október er skipulagsdagur hjá starfsmönnum, en þann dag sækja allir kennarar skólans haustþing kennara á Suðurlandi. Á skipulagsdögum er öllum nemendum skólans gefið frí.

Haustball unglíngastígs allra grunnskóla í Rangárvallasýslu fer fram í októbermánuði. Ákvörðun um dagsetningu verður tekin á fyrsta fundi skólastjórnenda viðkomandi skóla. Á sama fundi verður tekin ákvörðun um dagsetningar fastra hátíða skólanna s.s. Íþróttahátíð 23. nóvember, listahátíð 30. janúar og árshátíð 23.mars



Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember hefst formlegur undirbúningur Stóru upplestrarkeppninnar, en 7. bekkur skólans tekur þátt. Dagana 8. - 14. desember verða námsmatsdagar og í kjölfarið jólarí þann föndurdagur þann 15. desember og jólarí þann 18. Á föndudeginum koma foreldrar 1. – 4. bekkjar í heimsókn í skólann og föndra með sínum börnum.



### **Vorönn:**

Á nýju ári er starfsdagur hjá kennurum miðvikudaginn 3. janúar en nemendur í skólann fimmtudaginn 4. janúar. Opinn skóladagur verður síðan 23. janúar en þá gefst foreldrum kostur á að vera með í skólastarfinu líkt og var 9. október.

Sú hefð hefur skapast að allir nemendur skólans borða saman þorramat í íþróttahúsinu í hádegi þess fimmtudags sem er næstur á undan þorrabloti sveitarfélagsins. Á meðan á þorramat nemenda stendur er lögð áhersla á að einstaka bekkir fari með ljóð og flytji sönglög er tengjast þorranum. Í lok miðsvetrarannar verða síðan námsmatsdagar, sem enda með starfs- og skipulagsdegi mánudaginn 19. febrúar og síðan með foreldraviðtalsdegi þriðjudaginn 20. febrúar.

Leikhúsferðir verða bæði fyrir eldri og yngri deildir í janúar og febrúar.

Samræmd könnunarpróf hjá 9. bekk verða sem hér segir:

Fimmtudaginn 8. mars, íslenska og enska í 9. bekk. (enskuprófið deilist niður á tvo daga)

Föstudaginn 9. Mars, stærðfræði og enska í 9. bekk.

Þann 14. febrúar er starfsdagur og foreldradagur daginn eftir. 16. mars. Nemendur í 10. bekk verða í starfkynningum frá 14 – 16. mars.

Marsmánuður fer mikið í undirbúning árshátíðar skólans sem er 16. mars og gereralprufa fyrr að deginum.

Árshátíð unglíngastígs allra grunnskóla í Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu verður haldin föstudaginn 22. mars og mun hún nú fara fram á Hvolsvelli.

Að skóladegi loknum föstudaginn 23. mars eru nemendur komnir í páskafrí. Skólalald hefst síðan að páskafrí loknu þriðjudaginn 3. apríl.

Fimmtudaginn 5. apríl fer Stóra upplestrarkeppnin fram í Víkurskóla í Mýrdal, en þá verður farið með keppnisliðið okkar, ásamt skráðum keppnisbekk (7. bekk) á keppnina.

11. apríl er síðan opin skóladagur (eins og var 9. október).

Dagana 2. - 4. maí er gert ráð fyrir samstarfsdögum milli Hellu og Laugalandsskóla (síðari hrina). Einstaka nemendahópar fara þá í gagnkvæmar skólaheimsóknir.

Vikuna 14. maí – 18. maí er námsmatsvika 10. bekkjar, en gert er ráð fyrir að 10. bekkur verði í útskriftarferð sinni á þeim tíma sem aðrir nemendur skólans gangast undir námsmat vorannar sem mun fara fram á tímabilinu frá 23. – 28. maí.

Í maímánuði eru að skipulagðir útivistardagar og vorferðir einstakra aldurstiga og eru ákvarðanir um slíkt teknar með tilliti til veðurspár hverju sinni.

29. maí er vordagur hjá nemendum þar sem þeir fara á mismundandi lærdóms og skemmti stöðvar.

30. Maí er umhverfisdagur þar sem allir nemendur 5. Til 9. Bekkjar taka til hendinni í og við skólann.

31. Maí er síðasti starfs- og skipulagsdagur skólaársins, en þann dag vinna starfsmenn m.a. að lokanámsmati vorannar og lokanámsmati skólaársins.

31. maí um kvöldið verður kólaslit skólans í matsal skólalns kl. 19:00.

Allir starfsmenn skólans starfa að frágangi dagana 1. Júní, 4. og 5. júní. Að þeim dögum loknum hefjast endurmenntunardagar starfsmanna og síðan sumarfrí. Stjórnendur skólans verða við störf í skólanum fram eftir júnímánuði við undirbúning næsta skólaárs.

Hér að ofan hefur verið lýst því helsta sem snýr að starfsemi skólans skólaárið 2017-2018. Nánari upplýsingar um skólastarfið má finn í skólanámsskrá skólans, Skólalykli.

